

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 40.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbyggðar hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbyggðar nr. 18 23. janúar 1961.

*Atvinnumálaráðuneytið, 16. ágúst 1963.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

### AUGLÝSING

**um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll.**

Eftir að leitað hefur verið tillagna safnaðarráðs Reykjavíkur og að fengnu álitni biskupsins yfir Íslandi er Reykjavíkurprófastsdæmi hér með fyrst um sinn skipt í sóknir og prestaköll og takmörk þeirra ákveðin sem hér segir:

1—2. **Nesprestakall** (I og II): Nessókn.

Takmörk að norðan og austan hin sömu og verið hafa (sbr. auglýsingu kirkjumálaráðuneytisins 17. júlí 1952).

3. **Seltjarnarnesprestakall**: Seltjarnarnessókn. Nær yfir Seltjarnarnes vestan marka Nesprestakalls.

Fylgir fyrst um sinn Nesprestakalli.

4—5. **Dómkirkjuprestakall** (I og II): Dómkirkjusókn. Takmörk hin sömu og áður (sbr. fyrrnefnda ráðuneytisauglýsingu).

6—7. **Hallgrímsprestakall** (I og II): Hallgrímssókn. Takmörk hin sömu og áður (sbr. fyrrnefnda ráðuneytisauglýsingu).

8—9. **Háteigsprestakall** (I og II): Háteigssókn. Takmarkast af Hallgrímssókn að vestan, Reykjanesbraut að sunnan til Kringlumýrarbrautar, síðan ræður Kringlumýrarbraut að Suðurlandsbraut, þá Suðurlandsbraut að Nóatúni og Nóatún í sjó.

10. **Laugarnesprestakall**: Laugarnessókn. Nær frá mörkum Háteigssóknar um Nóatún og Suðurlandsbraut að Múlavegi til Dalbrautar, síðan ræður Dalbraut norður til sjávar austan Köllunarkletts.

11. **Ásprestakall**: Ássókn. Takmarkast að vestan af Laugarnesprestakalli, að sunnan af Suðurlandsbraut að Holtavegi, þá ræður Holtavegur norður til sjávar í Kleppsvík.

12—13. **Langholtsprestakall** (I og II): Langholtssókn. Nær frá mörkum Ássóknar að vestan, að Elliðaám og Suðurlandsbraut að austan og sunnan.

14. **Háaleitisprestakall:** Háaleitissókn. Nær að Háteigsprestakalli að vestan, Suðurlandsbraut og Miklubraut að norðan og sunnan, unz þær götur skerast.

Fylgir fyrst um sinn Háteigssókn.

15. **Grensásprestakall:** Grensásókn. Takmarkast af Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Bústaðavegi og Grensásvegi.

16. **Bústaðaprestakall:** Bústaðasókn. Takmarkast af Miklubraut og Suðurlandsbraut, Elliðaám, Bústaðavegi og Grensásvegi.

17. **Fossvogsprestakall:** Fossvogssókn. Nær að Bústaða- og Grensásóknum að norðan, Hallgrímssókn að vestan, Kópavogssókn að sunnan og austan.

Fylgir fyrst um sinn Bústaða- og Grensásóknum og verði skiptin um framhald Grensásvegar suður að mörkum Kópavogssóknar.

18. **Kópavogsprestakall:** Kópavogssókn.

Prestaköll þau, sem ráðgerð eru hér að framan sem nr. 3 (Seltjarnarnesprestakall), nr. 14 (Háaleitisprestakall) og nr. 17 (Fossvogsprestakall), skulu, þar til þau verða auglýst laus til umsóknar, að fenginni heimild kirkjumálaráðherra, teljast óskiptur hluti þeirra prestakalla, sem þeim samkvæmt því, er að framan segir, er þangað til ætlað að fylgja.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Bjarnarfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er í Kaldrananesi, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Bjarnarfjarðará, Goðdalsá og Sunndalsá, en þær eru Goðdalur, Sunndalur, Skarð, Svarrshóll, Oddi, Hvammur, Bakki, Klúka, Ásmundarnes og Kaldrananes.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.